

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar nr. 245 8. júní 1977 með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er:

Vatnsgjald kr. 6 986.00 á mánuði fyrir hvern mínútulitra á hámarksstillingu hemils.

Til hliðsjónar við ákvörðun verðsins er miðað við að kyndingarkostnaður sé sem næst 80% af kyndingarkostnaði með olíu.

Hækkun gjaldskrár frá 1. september 1978 miðist við eftirfarandi:

- a. 50% vegna kerfisbreytingar í rekstri hitaveitunnar, sem komin var að fullu til framkvæmda 1. des. 1978.
- b. 10% vegna hækkunar á olíu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. febrúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.

8. febrúar 1979.

Nr. 74.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 119.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 32 870.00 á ári fyrir hvern mínútulitra á hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 1 l/mín. fyrir hverja 100 m³ húsnæðis.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

- | | |
|--------------------------------|---------------------|
| 1. Fyrir mæla allt að ¾" | kr. 1 270.00 á mán. |
| 2. Fyrir mæla frá 1—2" | kr. 1 760.00 á mán. |
| 3. Fyrir hemla | kr. 1 270.00 á mán. |